

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um kæfisvefnsrannsóknir á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur.

- Hvað er hægt að framkvæma margar kæfisvefnsrannsóknir í senn á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAk) annars vegar og Landspítala hins vegar og hvað var greitt fyrir margar slíkar rannsóknir á ári hverju síðastliðin fimm ár á hvorri stofnun fyrir sig?
- Hvaða stofnanir framkvæma kæfisvefnsrannsóknir?
- Hversu margir einstaklingar fara á Landspítala af upptökusvæði SAk í kæfisvefnsrannsóknir?
- Hversu hár er kostnaður Sjúkratrygginga Íslands vegna þeirra sem fara á Landspítala en gætu annars farið á SAk?
- Má gera ráð fyrir því að kostnaður einstaklings á upptökusvæði SAk sem fer í kæfisvefnsrannsókn á Landspítala sé meiri en ef viðkomandi fengi þjónustu á SAk? Ef svo er, hversu miklu munar í kostnaði?

Skriflegt svar óskast.